

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 118/2012****2012/EES/56/15****frá 15. júní 2012****um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XXI. viðauka við EES-samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 98/2012 frá 30. apríl 2012 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 692/2011 frá 6. júlí 2011 um evrópskar hagskýrslur um ferðamál og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 95/57/EB ⁽²⁾.
- 3) Samkvæmt ákvæðum reglugerðar (ESB) nr. 692/2011 fellur úr gildi tilskipun ráðsins 95/57/EB ⁽³⁾, en sú gerð hefur verið felld inn í XXI. viðauka við EES-samninginn.
- 4) XXI. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Texti liðar 7c (tilskipun ráðsins 95/57/EB) í XXI. viðauka hljóði svo:

„**32011 R 0692**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 692/2011 frá 6. júlí 2011 um evrópskar hagskýrslur um ferðamál og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 95/57/EB (Stjtíð. ESB L 192, 22.7.2011, bls. 17).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Stjórnvöld í Liechtenstein þurfa ekki að taka saman gögn samkvæmt ákvæðum II. viðauka þessarar reglugerðar.“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 692/2011, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 16. júní 2012, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt l. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni ^(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 15. júní 2012.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gianluca Grippa

starfandi formaður.

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 248, 13.9.2012, bls. 36, og EES-viðbætur við Stjtíð. ESB nr. 50, 13.9.2012, bls. 41.

⁽²⁾ Stjtíð. ESB L 192, 22.7.2011, bls. 17.

⁽³⁾ Stjtíð. EB L 291, 6.12.1995, bls. 32.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.